



Starfsskýrsla
Umf. Dögun
Starfsárið 2023

Starfsemi ungmennafélagsins Dögunar var með hefðbundnum hætti síðasta ár. Stjórn Dögunar skipa: Hrefna S. Ingibergsdóttir formaður, Þuríður J. Sigurðardóttir ritari, Sigrún B. Halldórsdóttir gjaldkeri. Varastjórn: Þorgrímur Guðbjartsson, Þórður Halldórsson og Júlíus Baldursson. Skoðunarmaður er Jón Benediktsson.

Það má segja að félagssvæðið sé því miður orðið nokkuð strjálbýlt og fá börn á svæðinu, þannig að ró er yfir starfseminni. Félagið hefur kappkostað að styðja eftir bestu getu þau ungmenni sem hér búa, til að taka þátt í því félagsstarfi sem hugur þeirra stendur til. Eftir stofnun íþróttafélagsins Undra samþykktu ungmennafélögin í Dalabyggð að skrá ekki iðkendur heldur yrðu allir iðkendur skráðir hjá Undra sem annast skipulagt íþróttastarf. Í framhaldi af því fá ungmennafélögin enga hlutdeild lengur í lottógreiðslum. Sömuleiðis samþykktu félögin að sækja ekki lengur eftir starfsstyrk frá Dalabyggð þannig að Undri njóti hans að fullu og það styrkir starf Undra verulega. Þannig hefur aðstaða ungmennafélaganna breyst mikið, því frá 1986 hafa lottótekjur verið hryggsúlan í fjáröflun flestra félaganna, en sjálfboðavinnan hefur látið undan síga.



Umf. Dögun, kvenfélagið Hvöt og Fellsstrandarhreppur byggðu Samkomuhúsið á Staðarfelli. Fyrsti hluti hússins var byggður 1928 og síðasta viðbyggingin var 1995. Þessi eignarhlutur í samkomuhúsinu er stærsta eign félagsins og þarna eiga félagsmenn mörg handtök í sjálfboðavinnu í gegnum árin. Húsið hefur verið miðdepill félagsstarfsins öll þessi ár, árlegt þorablót, dansleikir, spilakvöld, kvöldvökur, námskeið, fjölskylduhátíðir og grillveislur í lok göngudags/reiðdags/hreinsunardags/knattspyrnuleiks og ýmislegt fleira. En tímarnir breytast

og á árinu taldi Dalabyggð að rétt væri að selja húsið, komið að töluverðu viðhaldi og breyttar áherslur í rekstri. Þannig að mikil vinna var við það á líðandi ári að gera klárt fyrir sölu, fara yfir muni og koma pappírur og skráningu í rétt horf. Búið er að selja en uppgjör fer ekki fram fyrr en í sumar. Þetta er mikil breyting fyrir félögin sem þrengir að starfinu, en við vonumst eftir góðu samstarfi við nýja eigendur og væntanlega verða verðlaunagripir og munir félaganna varðveittir áfram á Staðarfelli. Framtíðin er okkar.

Íslandi allt!

Hrefna S. Ingibergsdóttir
Formaður



Glatt á hjalla á Staðarfelli